

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

406. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) í Borgarnesi 12.04.2019, kl.08:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir og Kolbrún Þorsteinsdóttir. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Stækkun móttökustöðvar – útboð og fjármögnun

Framkvæmdastjóri fór yfir og kynnir minnisblað um málið. Málið rætt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að hafna lágsta tilboði vegna annmarka. Stjórn felur framkvæmdastjóra að semja við næstbjóðanda Alefli og jafnframt að ræða við Íslandsbanka um fjármögnun.

2. Staða förgunarmála á höfuðborgarsvæðinu

Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað um stöðu förgunarmála á höfuðborgarsvæðinu. Málið rætt.

3. Samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturlandi

Framkvæmdastjóri leggur fram fundargerð samráðsnefndar sorpsamlaganna á Suðvesturlandi frá 18. mars 2019. Málið rætt. Stjórn telur ekki ástæðu til að breyta núverandi samkomulagi.

4. Staðsetning endurvinnslustöðva

Rekstrarstjóri endurvinnslustöðva kynnir skýrslu VSÓ um hentug staðarvöl stöðva til framtíðar. Málið rætt

5. Efnismiðlun Góða hirðisins

Lagt fram minnisblað rekstrarstjóra endurvinnslustöðvanna um málefnið en efnismiðlunin hefur nú verið rekin í tæplega ár. Málið rætt. Stjórn samþykkir að halda verkefninu áfram.

6. Ráðning stöðvarstjóra móttöku- og flokkunarstöðvar

Framkvæmdastjóri kynnir að Ástþór Ingi Ingvarsson hafi verið ráðinn stöðvarstjóri móttöku – og flokkunarstöðvar SORPU bs. í Gufunes eftir venjulegt ráðningarferli. Ástþór Ingvi mun hefja störf þann 1. júlí nk. um leið og núverandi stöðvarstjóri lætur af störfum. Stjórn býður nýjan stöðvarstjóra velkominn til starfa.

[Handwritten signatures and initials in blue ink]

7. Fulltrúi á aðalfundi Metan ehf.

Aðalfundur Metan ehf. hefur verið boðaður mánudaginn 29. apríl nk. kl. 16:00. Stjórn felur formanni að fara með umboð stjórnar SORPU bs. á aðalfundi Metan ehf.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn þann 29. apríl kl. 12:00.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 10:18

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir

T Birgir Jón Jónsson
Jóna Auðadóttir
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir
Sigrún Þorsteinsdóttir
Björn Þorsteinsson
Björn Þorsteinsson
Björn Þorsteinsson
Björn Þorsteinsson
Björn Þorsteinsson
Björn Þorsteinsson

Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 10. apríl 2018

V / stækkun móttökustöðvar í Gufunesi

Í rekstraráætlun ársins 2019 er gert ráð fyrir stækkun móttökustöðvar í Gufunesi, bæði til að anna aukinni umferð og auknum kröfum em flokkun og endurvinnslu og til að nýta um leið tækifærið til að tryggja hagkvæma uppsetningu á búnaði til forvinnslu efnis fyrir gas- og jarðgerðarstöðvar.

Í samræmi við ofangreint var efnt til útboðs vegn stækkunarinnar. Tilboð voru opnuð þann 19. mars að viðstöddum bjóðendum. Verkfræðistofan Mannvit fór síðan yfir tilboðin og liggja nú fyrir leiðrétta tilboðstöður, sjá Töflu 1.

Tafla 1. Tilboðsupphæðir lesnar við oppnun og eftir yfirferð

Bjóðand	Tilboðsupphæð m. vsk við opnun	Röð	Yfirfarin tilboðsupphæð m.vsk.	Röð	% af áætlun
Constructus	331.792.215,-	1	331.792.215,-	1	87,2%
Aefli ehf.	358.809.329,-	2	358.783.954,-	2	94,3%
GT verktakar	369.314.827,-	4	369.314.827,-	3	97,1%
Vilhjálmur ehf.*	378.978.910,-	5	378.978.910,-	4	99,7%
Ístak-frávik	401.250.523,-	6	403.431.237,-	5	106,1%
Ístak	408.389.207,-	7	410.793.007,-	6	108,0%
Eykt ehf.	454.458.956,-	9	413.664.967,-	7	108,8%
Flotgólf ehf.	449.513.063,-	8	449.512.381,-	8	118,2%
Mannverk	362.845.269,-	3	449.928.134,-	9	118,3%
GG verk ehf.	577.906.453,-	10	577.906.453,-	10	152,0%
Kostnaðaráætlun	380.300.000,-		380.300.000,-		100,0%

*Mannverk hafði láðst að leggja virðisauka ofan á tilboð sitt

Smávægilegar breytingar urðu á upphæðum en röð lægstu bjóðenda breyttist ekki eftir yfirferð tilboða.

Lægsta tilboð er 87,2% af kostnaðaráætlun og nægst lægsta er 94,3%. Mannvit og SORPA ásamt embætti borgarlögmans hafa farið yfir tilboð lægstbjóðanda, gögn sem skilað var og samskipti við bjóðanda. Í ljósi þeirrar yfirferðar er ljóst að lægstbjóðandi Constructus uppfyllir ekki skilyrði sem sett eru fram í útboðslýsingu. Því telst tilboð lægstbjóðanda ógilt. Sá aðili sem átti næst lægsta tilboð er Aefli ehf. og hefur það fyrirtæki skilað öllum áskyldum gögnum og telst tilboð þeirra gilt tilboð.

Í forsendum rekstaráætlunar fyrir árið 2019 var fjármögnun verkefnisins ekki tryggð en gert ráð fyrir að auka þær lántökur sem þegar hefur verið ákveðnar vegna Gas- og jarðgerðarstöðvar. Viðræður hafa átt sér stað með Íslandsbanka og hefur bankinn tekið vel í þá málaleitan. Miðað við fjárhagsstöðu SORPU og fyrirbyggjandi greiðsluáætlun þá verður ekki þörf á frekari fjármögnun fyrr en í lok árs.

NIÐURSTAÐA

Í ljósi ofangreinds er lagt til að stjórn SORPU bs. feli framkvæmdastjóra að semja við þann aðila sem átti hagstæðasta gilda tilboðið. Jafnframt verði framkvæmdastjóra falið að óska frekari lánsfjármögnunar í verkefnið hjá Íslandsbanka.

Virðingarfyllst,



Björn H. Haldórsson
framkvæmdastjóri

Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 11. apríl 2019

V / förgunarúrræða fyrir höfuðborgarsvæðið

Bakgrunnur

Urðunarstaðruinn í Álfsnesi var tekin í notkun árið 1991 og er nú í mars 2019 búið að urða samtals 2,8 milljónir tonna í nær 26,5 ha lands (ca. 105.000 tonn/ha). Síðasta rein var tekin í notkun í apríl 2018 og eru líkur til á þessari stundu að hún geti dugað fram á mitt ár 2021 og jafnvel til loka árs 2022 (háð magni sem berst). Er þá ekki tekið tillit til magnminnkunar vegna Suðurlands eða magnminnkunar vegna gas- og jarðgerðarstöðvar. Gert er ráð fyrir að með tilkomu G&J minnki magn til urðunar um 35.000 tonn ári og . Að teknu tilliti til G&J gæti því rein 20 dugað út árið fram á árið 2023.

Skv. samkomulagi eigenda frá 25. september 2013 voru eigendur ásáttir um að urðun skyldi hætt í lok árs 2020. Frá þeim tíma hefur verið unnið að samkomulagi við Sorpstöð Suðurlands bs. (SOS) um mögulegt aðgegni SORPU að urðunarstað fyrir óvirkan úrgang á starfssvæði SOS. Þær viðræður hafa engu skilað.

Kostir í stöðunni

Ekki er í sjónmáli á þessari stundu neinn annar urðunarstaður er urðunarstaðurinn í Álfsnesi. Öðrum förgunarkostum er ekki til að dreifa eins og staðan er nú. Jafnvel þó nýr urðunarstaður fengist fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins næstu mánuði tekur 3 – 5 ár að koma slíkum stað í rekstur (sjá viðauka við eigendasamkomulag frá 2013).

a. Nýr urðunarstaður á höfuðborgarsvæðinu

Í úttekt sem unnin var af verk- og jarðfræðistofunni Stuðli árð 2006 kemur fram að tveir staðir auk Álfsnes sem tilheyra höfuðborgarsvæðinu geti nýst sem urðunarstaðir. Þeir eru:

1. Bakki í Kjalarnesi
2. Vellir á Kjalarnesi

Á sínum tíma var Reykjavíkurborg spurð um afstöðu til þessara staða og var svarið almennt á þá leið að nýta ætti Álfsnes til fulls áður en hugað væri að öðrum urðunarstað steinsnar frá Álfsnesi. Samkomulag eigenda SORPU bs. frá 2013 kveður á um að urðunarstaðnum skuli lokað 2020 en skv. deiliskipulagi fyrir Álfsnes verður þá ónýtt svæði sem leyfilegt er að urða í (eftir lokun reinar 20) allt að 51.300 m². Miðað við sömu nýtingu (þéttni) og í rein 20 og með aðgerðum til að draga úr urðun úrgangs má gera ráð fyrir að það ónýtta urðunarpláss sem eftir verður við lok árs 2020 gæti nýst til 2028 – 2037. Reiknuð tímalengd er háð magni og þéttni úrgangs.

b. Urðunarstaður á Vesturlandi

Í ofanefndri skýrslu um urðunarstaði er tiltekinn einn staður á Vesturlandi auk Fíflholts sem hugsanlegur urðunarstaður. Sveitarstjórn Melasveitar hefur hins vegar tekið afdráttarlausu afstöðu til þess að þar komi urðun ekki til greina.

c. Urðun á suðurlandi

Í skýrslu Stuðuls eru nefndir tveir hugsanlegir urðunarstaðir þ.e.a.s. Austursandur við Þorlákshöfn og Kirkjuferjuháleiga sem var á sýnum tíma aðal urðunarstaður sunnlendinga en honum var lokað 2009. Ekki þarf að fjölyrða frekar um stöðuna í viðræðum við suðurland um hugsanlega urðunarstaði á því svæði

d. Útflutningur á úrgangi

SORPA hefur skoðað möguleika á útflutningi á úrgangi til förgunar (brennslu) erlendis. Slíkt er mögulegt en krefst breytinga á tækjabúnaði og aðstöðu hjá SORPU. Einnig þarf að tryggja svæði til að geyma úrganginn milli skipaferða (gámaútflutningur hentar ekki). Fyrstu útreikningar benda til að kostnaður sé a.m.k. nokkru meiri en núverandi urðun. Í útflutningi á úrgangi er líka fólgin fjárhagsleg áhætta þar sem „markaðir“ fyrir slíkt efni geta verið kvikir auk þess sem lög og reglur EU og hugsanlegra móttökulanda geta breyst án mikils fyrirvara. Á það er einnig að benda að samkvæmt lögum og reglum skal almennt leitast við að farga úrgangi sem næst upprunastað.

Eins og staðan er í dag hefur SORPA ekki tæknilega möguleika til útflutnings. Sá möguleiki getur hins vegar skapast frekar þegar gas- og jarðgerðarstöðin er komin í notkun.

e. Brennsla / Brennslustöð

Brennslustöð Kölku á suðurnesjum er nú þegar fullnýtt og því ekki að sækja einhverja lausn þar eins og staðan er í dag. Brennslustöð er mjög dýr kostur en nauðsynlegur, bæði til að brenna hættulegum úrgangi (t.d. spilliefnum, sjúkrahúsúrgangi ofl.) en einnig til að tryggja förgun á brennanlegum úrgangi sem sveitarfélögin hafa samþykkt að skuli gerast eftir 2020. Ef ná á auk þess markmiðum um að lágmarka urðun verður ekki komist hjá því að reisa stærri brennslustöð. Því er mikilvægt að klára viðræður við Kölku með það að markmiði að aðstaða Kölku á suðurnesjum komist í hendur SORPU. Kalka hefur þegar sótt um stækkun á lóð svo hægt sé að koma þar fyrir nýrri brennslustöð. Ekki verður séð að einhvern tímann verði sátt um brennslustöð hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er hins vegar ljóst að ný eða stækkuð brennslustöð getur ekki verið tilbúin fyrr en eftir nokkur ár hvar svo sem slík stöð verður staðsett. Hve mörg ár fer eftir vilja og getu SORPU og sveitarfélaganna til að fjárfesta í brennslustöð sem mun kosta eitthvað á annan tug milljarða.

Í skýrslu Stuðuls eru nefndir fleiri staðir en hér hafa verið tilteknið en þeir eru allir annmörkum háðir sem á sýnum tíma gerði það að verkum að þeir voru ekki skoðaðir frekar. Ástæðurnar eru nokkrar t.d. fjarlægð í viðtaka, gildandi skipulag og landnotkun, nálægð við nátturuverndar- eða minjasvæði osfrv. Á árunum 2013-2014 var ráðgjafastofan Alta fengin til að skoða urðunarmál m.a. með könnunum meðal sveitarstjórnarmanna á sama svæði og skýrsla Stuðuls náði til. Sú vinna skilaði ekki hugmyndum að nýjum stöðum sem heppilegir eða fánlegir væru til urðunar.

Í ljósi þess að ekki hefur fundist ásættanleg lausn fyrir nýjan urðunarstað og ekki er tæknilausn í sjónmáli sem getur leyst þau vandamál sem standa fyrir dyrum er augljós sú leið að óska eftir því við eigendur að samkomulagi frá 25. september 2013 verði breytt þ.a. urðun verði áfram heimil í Álfsnesi þar til ásættanleg tæknileg lausn til framtíðar verður fundin. Gas- og jarðgerðarstöð mun leysa lífrænan hluta heimilisúrgangs og sambærilegs úrgangs frá fyrirtækjum, urðunin sem slík mun því taka verulegum breytingum. Ákveðnar tegundir lífræns úrgang munu áfram fara til forvinnslu fyrir lífdíselframleiðslu við Gými í Álfsnesi eða þar til varanleg lausn verður sett upp við hlið G&J eins og alltaf hefur verið gert ráð fyrir. Gera má ráð fyrir að sá búnaður og það húsnæði sem þarf til þessarar vinnslu geti verið tilbúin árið í fyrsta lagið árið 2023. Leitað verði leiða fyrir lífrænn úrgangur sem ekki getur farið í gas- og jarðgerðarstöðina, forvinnslu fyrir Lífdísel eða brennslu hjá Kölku að sá úrgangur

komist í urðun á öðrum svæðum en í Álfsnesi. Með því móti verði lágmarkað það ónæði sem hugsanlega verður af áframhaldandi urðun í Álfsnesi. Til þess að þetta geti gengið óhindrað eftir og ekki skapist ófremdarástand á höfuðborgarsvæðinu öllu eftir áramótin 2020 og 2021, þarf að tryggja sameiningu SORPU og Kölku og eigendur SORPU þurfa að leita leiða til að breyta og framlengja ákvæði í eigendasamkomulagi um lokun urðunarstaðarins í Álfsnesi.

Virðingarfyllt,



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri

Samráðsnefnd sorpsamlaganna

á suðvesturlandi

F U N D A R G E R Ð

Fundur haldinn í húsnæði SORPU í Gufunesi, miðvikudaginn 18. mars 2019. kl. 12. Mætt voru: Björn H. Halldórsson og Líf Magneudóttir frá SORPU bs., Jón G. Valgeirsson og Anton Kári Halldórsson frá Sorpstöð Suðurlands bs., Kristinn Jónasson og Hrefna B. Jónsdóttir frá Sorpurðun Vesturlands hf., og Jón Norðfjörð og Inga Rut Hlöðversdóttir frá Kólku, sorpeyðingarstöð sf. Einnig sat fundinn Teitur Gunnarsson frá verkfræðistofunni Mannvit.

Ágúst Bjarni Garðarsson frá SORPU bs. boðaði forföll.

1. Val á formanni og varaformanni nefndarinnar.

Líf Magneudóttir kosin formaður og Inga Rut Hlöðversdóttir, varaformaður.

2. Yfirferð samningsaðila um verkefnið frá 15. maí 2009.

Björn reifaði samninginn sem er í gildi um verkefnið. Rætt um efni hans og verkefni. Samþykkt að nefndarmenn kanni hug stjórnarmanna hver í sínu félagi hvort þörf sé á breytingu á samningnum.

Rætt um framtíðarsamvinnu sorpsamlaganna en fram kom vilji til áframhaldandi samstarfs svæðanna. Einnig rætt um framtíðina og mikla breytingar m.t.t. lokunar urðunarstaðarins í Álfsnesi sem áætlað er að loki í árslok 2020, lagalegar skyldur á landsvísu, nýjar lausnir og háan fjárfestingarkostnað, aukna flokkun í framtíðinni, lífrænan úrgang, o.fl.

Rætt um vanda úrgangsmála og lausnir sem eru á ábyrgð sveitarstjórnarmanna. Kristinn lagði til að boðaðir yrðu til fundar framkvæmdastjórar sveitarfélaga á svæði samráðsnefndarinnar. Fundarmenn sammála um að verkefnið sem framundan er sé mikilvægt og hugsað verði til þess hvernig skuli leysa það.

Líf og Ingu Rut falið að undirbúa og boða til fundarþar sem framkvæmdastjórar sveitarfélaga verða boðaðir til að ræða þá stöðu sem við blasir í úrgangsmálum.

3. Aðilar að endurskoðun svæðisáætlunar

Niðurstaða umræðna sú að öll fjögur svæðin vilja starfa áfram að endurskoðun svæðisáætlunar í sameiningu.

4. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs – staða endurskoðunar

Teitur Gunnarsson fór yfir þá verkþætti sem hafa verið unnir nú þegar.

Verkefnin hafa tekið lengri tíma en áætlanir gengu út frá í upphafi og lagði hann til að sleppa kafla um vistferilgreiningu. Sú greining er til frá síðustu svæðisáætlun og var það mat fundarmanna að sú greining sem unnin var þá eigi að geta nýst eins og efnið stendur.

Tillaga er uppi um að verkefnisstjórn geri drög að aðgerðaráætlun eða setji fram meginatriði áætlunarinnar. Framkvæmdastjórar, hver á sínu svæði, annist síðar samþykktarferlið með sveitarstjórnnum í sínu héraði. Samþykkt.

5. Áfallinn kostnaður og skýringar vegna endurskoðunar svæðisáætlunar.

SORPA bs. hefur haldið utanum kostnað vegna verkefnisins og innheimtir til samstarfsaðila samkvæmt samningi. BHH og RG fóru yfir skýringar á umframkostnaði sem fallinn er á verkefnið sbr. liður 4.

6. Næstu skref

Næsti fundur áformaður 13. maí 2019 kl. 13 í húsnæði SORPU bs.

Feira ekki gert og fundi slitið kl. 13:50

Fundarritari: Hrefna B Jónsdóttir

Til: Framkvæmdastjóra

Frá: Rekstrarstjóra EVST

Erindi. Mat á árangri verkefnisins „Efnismiðlun Góða hirðisins“ og tillaga um framhald verkefnisins. Uppfært minnisblað.

Efnismiðlun góða hirðisins er skilgreindur sem: Markaður sem tekur við og selur notuð byggingaefni og ýmis konar vörur til framkvæmda og listsköpunar.

SORPA setti af stað tilraunaverkefni sem er staðsett á endurvinnslustöðinni á Sævarhöfða. Verkefnið hefur verið að búa til markað þar sem tekið er við notuðum byggingarefnum og ýmsum vörum sem nýtast til framkvæmda og listsköpunar. Farið var af stað með að safna og bjóða efni eins og timbur, timburhluti, hurðir, glugga, innréttingar hellur, flísar, trjáboli, vaska, parket, dekk, reiðhjól, vörubretti, brúsa, ofl.

Markaðurinn opnaði eftir nokkra undirbúningsvinnu og var ætlað að bjóða valkosti fyrir breiðan hóp viðskiptavina. Fram kemur í skýrslu frá Haugfé (ráðgjafar) að líklegir viðskiptavinir væru mest einstaklingar og skólar. Einstaklingar sem eru í húsnæðisbreytingum, sumarhúsabyggingu, garðvinnu eða listsköpun. Leik-, grunn-, lista- og iðnskólar sýndu hugmyndinni einnig athygli.

Tilgangur markaðsins er að vera vettvangur fyrir miðlun efna og hluta til endurnotkunar en endurnotkun efnis og vöru er mikilvæg aðgerð til að nýta auðlindir okkar allra sem best á hverjum tíma. Markaðurinn bíður einnig efni og vöru sem jafnvel er ekki í boði annarstaðar svo sem gamlar hurðir og veðrað timbur. Verðlagning er hófstíll og ljóst að hægt er að gera kostakaup á markaðinum. Markmiðið er að skapa farveg fyrir skynsama nýtingu nothæfrar vöru.

Markaðurinn opnaði formlega þann 11.maí og var opnunartími markaðsins til að byrja með og fram á haustið mánudagar til laugardaga 12:00-17:30 og lokað sunnudaga. En í nóvember var tíminn stytur og er nú opið á miðvikudögum til og með laugardegi.

Stjórn SORPU var áhugasöm um undirbúning verkefnis og hefur fylgst með framgangi þess.

Uppgjör ársins 2018

Markaðurinn opnaði í maí 2018 og fylgir hér samantekt á tekjum og gjöldum verkefnisins á árinu 2018 (8. mánuðir).

	Upphæð í kr.
TEKJUR	
Tekjur af sölu efna	5.731.940,-
TEKJUR SAMTALS	5.731.940,-
GJÖLD	
Launakostnaður	7.911.957,-
Aðstöðusköpun	277.990,-
Afgreiðslukerfi, net oph.	1.207.597,-
Akstur	459.606,-
Markaðskostnaður	989.518,-
GJÖLD SAMTALS	10.846.668,-
HAGNAÐUR / TAP	-5.114.728,-

ÁRANGUR.

Helstu þættir sem tekið er tillit til við mat á árangri verkefnisins út frá því sem lagt er af stað með er hvort væntingar um sölu hafa staðist, hvaða efni seldist og eins hvort viðskiptavinahópurinn sé sá sem ráð var fyrir gert. Fjöldi afgreiðslna á tímabilinu voru 4.412 en fjöld vara getur verið meiri þar sem bak við hverja sölu geta verið fleiri en eitt eintak vöru (sbr. bunki af flísum). Ágæt gögn liggja fyrir um hvað seldist og kemur ekki á óvart að byggingavörur ýmiskonar seldust best. Jafnan er til úrval af innihurðum, flísum og vöskum en á sama tíma yfirleitt skortur á timbri og útihurðum. Aðrir hlutir eins og reiðhjól og hjólbarðar hafa einnig selst vel. Fyrsta niðurstaða greiningar á þyngd þeirra efna sem seld eru á markaðinum liggja fyrir. Inn í meðfylgjanda rekstaráætlun ársins 2019 hefur verið bætt áætluðum sparnaði vegna þess efnis sem ekki var flutt með gámum af Sævarhöfða og greitt móttökugjald fyrir. Einnig hafa verið áætlaðar tekjur af sölu í hliði vegna efna sem síðan eru seld út af markaðinum. Eftir því sem leið á verkefnið fjölgaði viðskiptavinunum og er upphaflega viðskiptavinagreiningin nokkuð nærri lagi, þó var þáttaka skólanna minni en væntingar stóðu til um.

Fleiri þættir til mats á árangri bættust við eftir opnun sem ekki er hægt að líta fram hjá . Þetta eru þættir eins og fræðsla um úrgangsmál, athygli fjölmiðla og faghópa. Markaðurinn hefur orðið kveikja að umræðu um ágæti endurnotkunar og vakið athygli á nýjum valkostum endurnotkunar. Efnismiðlun Góða Hirðisins og SORPA fékk töluverða og jákvæða umfjöllun í mörgum ólíkum fjölmiðlum.

Fljótlega var ákveðið að nýta samfélagsmiðla nær eingöngu til kynningar á verkefninu og var auglýsingastofan Brandenburg fengin til aðstoðar við kynningarmálin .

ÁÆTLUN 2019

Miðað er við að markaðurinn starfi allt árið 2019 og opnunartími frá 1.maí til 1. október verði sex dagar í viku, en yfir veturinn sé opið fjóra daga í viku. Einn starfsmaður sinni verkefninu að jafnaði. Verklag allt með svipuðu sniði og 2018. Ekki er brýn þörf að stækka eða kosta miklu til viðbótar í aðstöðu eða afgreiðslukerfi-

Meðfylgjandi er áætlun um rekstur markaðarins árið 2019 (12 mánuðir). Miðað er við sömu forsendur og reynsla er af auk þess að nokkur söluaukning náist.


	Upphæð kr/ári
TEKJUR	
Sala efna	10.700.000,-
Tekjur af sölu í hliði	1.300.000,-
TEKJUR SAMTALS	12.000.000,-
GJÖLD	
Launakostnaður (m fyrirvara um nýja samninga)	10.700.000,-
Aðstaða	550.000,-
Afgreiðslukerfi, net ofl	150.000,-
Akstur	725.000,-
Markaðskostnaður	1.400.000,-
GJÖLD SAMTALS	13.525.000,-
HAGNAÐUR/TAP	-1.525.000,-
Sparnaður vegna flutninga og móttökugjalda	1.800.000,-
Ábati / tap af verkefninu	275.000,-

Niðurstaða.

Framkvæmd verkefnisins hefur gengið vel og ekki rekist á vegg. Vörur koma inn á markaðinn og íbúar er áhugasamir og kaupir vörurnar sem eru á boðstólum. Vöruúrvalið tekur mið af eftirspurn og stundum takmörkuðu framboði. Jákvæð umsögn og jákvæð athygli sem SORPA nýtur vegna verkefnisins er virði.

Undirritaður leggur til að verkefninu verði haldið áfram og verði enn um sinn hluti af rekstri endurvinnslustöðvanna.

Reykjavík 4.4.2019



Guðmundur Tryggvi Ólafsson

Rekstrarstjóri endurvinnslustöðva